

**56. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
7. mars 2017 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Alexander Eck áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Magnús Vagn Benediktsson varaáheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Stefanía Marta Katarínusdóttir varaáheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1703032 - Skóladagatal 2017-2018

Lögð fram tillaga að skóladagatali grunnskólanna fyrir skólaárið 2017-2018.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu skólastjóra
Brekkubærjarskóla og Grundaskóla að skóladagatali fyrir skólaárið 2017 - 2018.*

Skólastjórar grunnskólanna Magnús Vagn og Sigurður, áheyrnarfulltrúar starfsmanna Stefanía og áheyrnarfulltrúar foreldra Alexander Eck tóku sæti undir liðum 1 – 4.

2. 1701115 - Kjarasamningar félags grunnskólakennara - bókun 1

Afgreiðsla bæjarráðs, dags. 2. mars 2017, um bókun 1 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og félags grunnskólakennara. Til kynningar.

Skóla- og frístundaráð fagnar niðurstöðu bæjarráðs og óskar eftir að fá kynningu frá fulltrúum stýrihópsins í ráðinu í vor á framkvæmd vinnunnar og niðurstöðum sem kynntar verða fyrir samninganefndinni.

3. 1702203 - Rannsóknir og greining - hagir og líðan ungs fólks á Akranesi

Bæjarráð samþykkti fjármagn til skóla- og frístundasviðs til þess að taka þátt í könnun á högum og líðan ungs fólks á Akranesi. Til kynningar.

Skóla- og frístundaráð fagnar niðurstöðu bæjarráðs um að gengið verði til samninga við Rannsóknir og greiningu um niðurstöður könnunar á vímuefnaneyslu unglings í 8., 9. og 10. bekk og um hagi og líðan barna í 5. - 7. bekk. Skóla- og frístundaráð óskar eftir að fá kynningu frá Rannsóknum og greiningu eða fulltrúum úr Þorpinu, í ráðinu á niðurstöðum rannsóknarinnar þegar þær liggja fyrir og viðbrögð við þeim.

Verkefnastjóri forvarna og æskulýðsmála tók sæti á fundinum undir liðum 3 og 4.

4. 1703033 - Tómstundastyrkur

Ingibjargar Valdimarsdóttur fulltrúi í bæjarstjórn lagði fram tillögu á 1249. fundi bæjarstjórnar undir liðnum fundargerð skóla- og frístundaráðs. Tillöggunni er vísað til faglegrar umfjöllunar í skóla- og frístundaráði.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að vinna í samvinnu við tómstundasamráðið og skólastjóra Tónlistarskólans, minnisblað með upplýsingum um nýtingu á tómstundastyrk Akraneskaupstaðar t.d. miðað við aldur, búsetu og fleira, kostnaðaráætlun vegna hækkanar á styrk og breiðara aldursibili, reynslu annarra sveitarfélaga af áhrifum á iðkendafjölda vegna hækkanar á niðurgreiðslum. Hvert er hlutfall tómstundastyrks af kostnaði við iðkun tómstundastarfs? Jafnframt verði athugað hvort tengja megi tómstundastyrkinn við íbúagátt bæjarins. Einnig þarf að huga að því að efla kynningu á tómstundastyrk fyrir bæjarbúum.

5. 1611077 - Framtíðaruppbrygging íþróttamannvirkja - fimleikahús á Akranesi

Bæjarráð óskar eftir umsögn skóla- og frístundasráðs varðandi tillögu skipulags- og umhverfisráðs um uppbryggingu á fimleikahúsi við hlið núverandi íþróttahúss á Vesturgötu.

Skóla- og frístundaráð tekur undir tillögu skipulags- og umhverfisráðs um að fimleikahús verði byggt við hlið íþróttahússins við Vesturgötu. Helstu rökin fyrir því eru:

- Brýnt er að bæta aðstöðu fimleikafélagsins sem er með óviðunandi æfingaaðstöðu í húsnæði við Dalbraut 6 og íþróttahúsin sem fyrir eru uppfylla ekki þörf aðgengilegra æfingatíma miðað við fjölda iðkenda og aðra hópa sem nýta húsin.

- Það fjármagn sem þegar er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun þessa árs og þess næsta eða samtals 450 milljónir, fjármagnar að stærstum hluta þann kostnað sem áætlaður er við byggingu fyrirhugaðs fimleikahúss miðað við staðsetningu á Vesturgötu.

- Ljóst er að nýtt fimleikahús getur haft jákvæð áhrif á skólastarf í Brekkubæjarskóla og fyrir íbúa í þeim bæjarhluta.

Skóla- og frístundaráð leggur jafnframt til að hafin verði vinna sem allra fyrst við þarfagreiningu, hönnun og gerð uppbryggingaráætlunar um framtíð íþróttamiðstöðvar á Jaðarsbökkum og tryggt verði fjármagn til þeirrar vinnu.

Samþykkt PG, SI, ÁÓR, SIG á móti KHS.

KHS lagði fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúi Samfylkingarinnar tekur undir að brýnt sé að bæta aðstöðu fimleikafélagsins og fagnar því að ráðist verði í byggingu fimleikahúss. Samfylkingin á Akranesi vill hins vegar að uppbrygging fimleikahúss verði á Jaðarsbökkum. Við tökum undir sjónarmið íþróttabandalags Akraness um að byggja Jaðarsbakka upp sem íþróttamiðstöð Akraness og að þar verði lífleg íþróttu- og menningarmiðstöð sem þjóni fjölbreyttum hópum með ólíkar þarfir. Samfylkingin á Akranesi telur að með byggingu fimleikahúss við Vesturgötu tefjist nauðsynleg uppbrygging á Jaðarsbökkum og tækifæri til samnýtingar fjármagns

glatist.

Sigurður Páll Harðarson tók sæti á fundinum undir liðum 5 og 6.

6. 1611149 - ÍA - rekstur og samskipti, endurnýjaður samningur

Samningur Akraneskaupstaðar og ÍA - næstu skref

Skóla- og frístundaráð fagnar þeirri vinnu sem hefur átt sér stað varðandi gagnaöflun varðandi samninga milli Akraneskaupstaðar og ÍA um íþróttamannvirki kaupstaðarins. Umræðunni um fyllri gögn er vísað til næsta fundar.

Steinar Adolfsson tók sæti á fundinum undir lið 6.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

*Póstar líf.
Sigrún Íngrid Þórssdóttir
Hauksdalur Óður Rognarsd.
Sigrún Inga Guðnadóttir
Kristján H. Sveinsson*